



28. október 2014
1410124

Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, með síðari breytingum (upplýsingaskylda og dagsektir)


Með tölvubréfi, dags. 14. október sl., óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umboðsmann skuldara nr. 100/2010, með síðari breytingum.

Með áður nefndu frumvarpi er ætlunin annars vegar að skýra heimildir umboðsmanns skuldara til upplýsingaöflunar og hins vegar að veita honum heimild til að beita þvingunarúrræðum með álagningu dagsekta ef umbeðnar upplýsingar eru ekki veittar.

Seðlabanki Íslands telur að hér sé um eðlilegar breytingar á lögum nr. 100/2010 að ræða sem styrki stöðu umboðsmanns skuldara og geri störf hans skilvirkari. Bankinn telur þó ekki ástæðu til að fjalla um einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur